

Skógrækt í landi Háls í Öxnadal

Hörgársveit

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 26. mars 2020 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Jóni Inga Guðmundssyni um fyrirhugaða skógrækt í landi Háls í Öxnadal, Hörgársveit, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 1.06 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Hörgársveitar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Skógræktarinnar og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Skógrækt í landi Háls í Öxnadal með lýsingu á umfangi og ljósmyndum af vettvangi.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Hörgársveit með bréfi dags. 5. maí 2020,
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með tölvupósti þann 22. maí 2020,
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 5. maí 2020,
- Náttúrufræðistofnun Íslands með tölvupósti þann 6. maí 2020,
- Skógræktinni með tölvupósti þann 30. apríl 2020,
- Umhverfisstofnun með bréfi þann 4. maí 2020.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti þann 20. maí 2020.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fyrirhuguð framkvæmd felst í skógrækt á 37 ha svæði. Lagt verður upp með að ræktunin falli sem best að landslagi. Jaðrar verða óreglulegir, mispéttir og misháir með eyðum og mismunandi trjátegundum. Gróðursett verði í um 80-90% af samningssvæðinu. Svæði sem ekki verður gróðursett í eru t.d mýrlendi, auk þess sem viðbúið er að ekki verði gróðursett í hörðustu melkollana og einnig eru oft skildar eftir snjódældir og svæði sem af öðrum sökum koma ekki til greina til skógræktar.

Fyrirhuguða skógræktarsvæði

Fyrirhuguð skógræktarsvæðis er í landi Háls í Öxnadal við norðuröxl Þverbrekkuhjúks. Svæðið hefur verið notað sem beitarnad en búskap var hætt þar árið 1989, en tún áfram nýttjuð. Ofan túna vestan megin við bæinn skiptast á grónar skriður, graslendi og rýr holt. Skógræktarsvæðið er á fjarsvæði vatnsverndar og innan svæða nr. 501 og nr. 505 á náttúruminjasrá og er svæðunum m.a. lýst sem „hálandur og hrikalegur skagi með djúpum dölum, stórbrotið land og fjölbreytt og fagurt með stöðuvötnum, stórum framhlaupum og sérkennilegum klettadröngum, svo sem Hraundrangl“. Fólkvangurinn Hraun í Öxnadal er í grennd við fyrirhuguð skógræktarsvæði, en verndargildi



svæðisins byggir á landslagi, náttúrufari og jarðmyndunum, auk þess sem þar er að finna mikilvægar minjar um horfna búskaparhætti.

Gróðursetning

Gert ráð fyrir að gróðursetja um 71.000 plöntu árum 32 ha og má reikna með að gróðursetningartími verði um 10 ár. Tegundasamsetning verður nokkuð fjölbreytt eftir því sem landgæði leyfa. Gert er ráð fyrir að gróðursetja fremur gisið og leggja áherslu birki sem myndar efri brún skógarins. Í rýrasta landið er gert ráð fyrir að fari mest lerki en þó með birki þar sem frjósemi landsins leyfir. Í gömul tún suður og upp af bænum er frjósemi landsins góð og þar verði gróðursett mest af ösp og greni með íblöndun af öðrum tegundum. Í brekku sunnan og ofan við tún er gert ráð fyrir að gróðursetja mest stafafuru ásamt birki. Ræktun mun eiga sér stað í hæð frá 260 m og upp í 360 m yfir sjó. Í frjósamasta landið þar sem grenið og öspin verða gróðursett verður jarðvinnslan gerð með þeim hætti að sverðinum er til hliðar í grunnnum rásum.

4 UMHVERFISÁHRIF

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila og umsögnum umsagnaraðila.

Landslag og ásynd

Fram kemur í greinargerð framkvæmdaraðila að fyrirhuguð skógrækt er frá um 260 m.y.s og teygir sig hæst í um 360 m.y.s. upp með grónu framhlaupi/berghlaupi sem er einkennandi landslagsfyrirbæri fyrir þetta svæði. Lögð verður áhersla á að láta skóginn falla vel að landslagi og verður það gert með því að láta línur í landslagi ráða útmörkum skógarins og milli tegunda innan hans. Í efri mörkum skógarins og að norðan verður gróðursett birki og gróðursetningarnar hafðar gisnar til að mýkja ásyndina. Fjölbreytni í trjategundum verður þó nokkur og verður hver trjategund höfð stök í reitum eftir landgerð. Þetta er gert til að auðvela umhirðu og gera skóginn fallelgrí.

Náttúrufræðistofnun Íslands bendir á berghlaupsurðir eru sérstæð fyrirbæri og með því fjalllendi og dölum sem er að finna í Öxnadal, mynda þau þá landslagsheild sem nefnd er í náttúruminjaskrá og æskilegt er að vernda. Telur stofnunin að berghlaupið (Hraunshraun, Hólahólar) hafi hátt verndargildi á landsvísu og mjög hátt verndargildi á svæðisvísu. Það er eitt af tilkomumestu/glæsilegustu berghlaupum landsins og auk þess í sérlega stórbrotnu og tilkomumiklu landslagi. Vegna áforma um friðlýsingu hluta Öxnadals árið 2013 taldi Náttúrufræðistofnun í mati sínu að æskilegt væri að friðlýsa allt berghlaupið, en syðsti hluti þess er í landi Háls og Engimýrar. Telur stofnunin að allar skógræktarhugmyndir á viðkomandi jörðum sem geta kæft þessar landslagsheildir þurfi því að skoða mjög gaumgæfilega og ætti í raun ekki að leyfa eða styrkja. Er það mat stofnunarinnar að skoða þurfi vandlega hvort ekki eigi að vernda fremri hluta Öxnadals, allavega frá Hrauni og Hólum og upp úr sem jarðminja- og landslagsverndarsvæði.

Umhverfisstofnun telur að helstu umhverfisáhrif skógræktarinnar gætu orðið vegna neikvæðra áhrifa á landslag. Telur stofnunin jákvætt að ráðgert er að gróðursetja efst á svæðinu gisið birki til að milda ásynd. Einnig að ræktunin verði felld að landslagi eins og kostur er og að gróskumestu trén s.s. greni verði gróðursett neðarlega á svæðinu þannig áhrif á landslag verði fyrir vikið minni. Telur stofnunin að ef staðið verði að skógræktuninni eins og henni er lýst í greinargerð, þ.e. gróður felldur að landi, hugað að ásynd og að forðast verði að raska viðkvæmum vistgerðum verði ekki líklegt að umrædd framkvæmd hafi umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Skógræktin telur afar mikilvægt að sem svæði á náttúruminjaskrá og í nágrenni við fólkvanginn Hraun í Öxnadal, að vel takist með skipulag og ásynd skógarins, þannig að hin stórbrotna náttúra njóti sín sem best.



Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur m.a. fram að skógrækt eigi sér nú þegar stað í landi Hóla, Engimýrar og Geirhildargarða til móts við Hraun og Háls. Telur framkvæmdaraðili að skógrækt beggja megin Öxnadalssár muni kom til með að hafa jákvæði sjónræn áhrif. Einnig telur framkvæmdaraðili óvíst hvort af friðlýsingu hluta Öxnadalssár verði á næstu árum, og nefnir að dæmi séu um að ákveðin svæði séu undanskilin friðlýsingunni. Nærtækasta dæmið sé fólkvangurinn að Hrauni í Öxnadal, þar sem 77 ha af heimalandi jarðarinnar séu undanskildir friðlýsingunni. Ákvörðun um friðlýsingu án vilja landeigenda sé ólíkleg til að skila árangri.

Tegundarval

Fram kemur að tegundasamsetning verður nokkuð fjölbreytt eftir því sem landgæði leyfa. Ofan til og í norðurkant er gert ráð fyrir að gróðursetja fremur gisið og leggja áherslu á að hafa þar bara birki sem myndar efri brún skógarins. Í rýrasta landið er gert ráð fyrir að fari mest lerki en þó með birki þar sem frjósemi landsins leyfir. Í gömul tún suður og upp af bænum er frjósemi landsins góð og þar verði gróðursett mest af ösp og greni með íblöndun af öðrum tegundum. Í brekku sunnan og ofan við tún er gert ráð fyrir að gróðursetja mest stafafuru ásamt birki.

Náttúrufræðistofnun Íslands bendir á að ekki sé ólíklegt að gróðursetning furu, þ.e. stafafuru geti orsakað að hún dreifi sér út fyrir stærra svæði með sjálfssáningu. Því er áhrifasvæðið væntanlega mun stærra en sjálft skógræktarsvæðið. Stofnunin bendir á að ýmsar trjátegundir notaðar í skógrækt hafa nú þegar sýnt að þær geta dreift sér í íslenskri náttúru, s.s. stafafura. og geti sú tegund orðið ágeng tegund sé miðað við aðstæður hérlendis og hegðun hennar í öðrum löndum. Því sé sá möguleiki fyrir hendi að skógræktarsvæðið sem hér sé til umfjöllunar geti verið uppspretta útbreiðslu framandi tegunda á svæðinu.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur m.a. fram að engin þeirra tegunda sem fyrirhugað er að rækta að Hálsi í Öxnadal teljist til þeirra tegunda sem óheimilt sé að flytja til landsins, rækta eða dreifa. Telur framkvæmdaraðili að fyrirhuguð ræktun stangist ekki við á þá lagaumgjörð sem sé í gildi hérlendis, og því ekki þörf á því að takmarka mögulega sjálfssáningu þeirra tegunda sem fyrirhugað er að rækta.

Gróður

Fram kemur að ekki er búið að gera samning um skógræktarsvæðið og er grunnkortlagningu ekki lokið af hálfu Skógræktarinnar. Við grunnkortlagningu verður gengið um svæðið og það kortlagt með tilliti til gróðurfars og þá fyrst fæst nákvæmt yfirlit yfir gróðurfars svæðisins. Vistgerðaflokkun Náttúrufræðistofnunar er því notuð sem viðmið. Votlendi á skógræktarsvæðinu verður afmarkað með nánari kortlagningu og ekki verði gróðursett í það. Aðrar vistgerðir á svæðinu með hátt verndargildi eru t.d. víðikjarrvist, ýmsar graslendisvistgerðir og lyngmóavist á láglandi.

Náttúrufræðistofnun Íslands bendir á að æskilegt er að hafa í huga við gróðursetningu ef draga mætti úr útplöntun að nota tegund sem minni líkur eru á að muni dreifa sér út í kjarrlendi og mólendi.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Skipulagsstofnun telur að vinna þurfi að breytingu á Aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 vegna umfangs fyrirhugaðs skógræktarsvæðis.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Hörgársveitar skv. skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi.



6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða skógrækt á fjölmörgum tegundum á um 71.000 plöntum í landi Háls í Öxnadal í Hörgárdal í 32 ha af 37 ha skógræktarsvæði og framkvæmdatími áætlaður um 10 ár. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 1.06 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Eðli og staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi hennar samlegð með öðrum framkvæmdum og nýtingu náttúruauðlinda sbr. 1. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem verndarákvæðum, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd. Einnig ber að líta til álagsþols náttúrunnar, einkum með tilliti til votlendissvæða og landslagsheilda sbr. 2 tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Um er að ræða nokkuð umfangsmikla skógrækt sem nær yfir um 37 ha svæði. Gert er ráð fyrir fjölbreyttri tegundasamsetningu. Til stendur að planta m.a. birki, lerki, stafafuru, ösp og greni. Lögð verður áhersla á að láta skóginn falla vel að landslagi og verður það gert með því að láta línur í landslagi ráða útmörkum skógarins og milli tegunda innan hans.

Landið á Hálsi er í norðuröxl Þverbrekkuhjúks sem eru í útjaðri gamallar megineldstöðvar sem var með miðju í utanverðum Hóladal. Norðurhluti svæðisins er í berglaupi úr Drangafjalli og suðurhlutinn í berglaupi úr Þverbrekkuhjúki. Fyrirhuguð skógrækt er í brekkunum fyrir ofan túnin á Hálsi í norðuröxl Þverbrekkuhjúks. Skógræktarsvæðið er misfrjósamt mólendi auk gamalla túna sem ekki hafa verið nytjuð síðustu ár.

Fyrirhuguð skógrækt mun koma til með breyta gróðurfari og vistgerðum í landi Háls í Öxnadal. Ekki er ástæða til að ætla að núverandi vistgerðir á ræktunarsvæðinu séu sérstaklega viðkvæmar ef frá eru talin votlendissvæði. Við undirbúning skógræktaráætlunar verður svæðið kortlagt með nákvæmari hætti og verður núverandi votlendi kortlagt sérstaklega, en ekki er fyrirhugað að planta í þau. Skipulagsstofnun telur að í framkvæmdaleyfi eigi að kveða á um kortlagningu votlendis áður en framkvæmdir hefjast og að ekki verði plantað í votlend svæði.

Skógræktarsvæðið er á fjarsvæði vatnsverndar og innan svæða nr. 501 og nr. 505 á náttúruuminjaskrá og er svæðunum m.a. lýst sem „hálandur og hrikalegur skagi með djúpum dölum, stórbrotið land og fjölbreytt og fagurt með stöðuvötnum, stórum framhlaupum og sérkennilegum klettadröngum, svo sem Hraundrangi“. Fólkvangurinn Hraun í Öxnadal er í grennd við fyrirhugað skógræktarsvæði, en verndargildi svæðisins byggir á landslagi, náttúrufari og jarðmyndunum, auk þess sem þar er að finna minjar um horfna búskaparhætti.

Að mati Skipulagsstofnunar felast helstu áhrif fyrirhugaðrar skógræktar í áhrifum á landslag í Öxnadal. Skógrækt á hluta þeirra jarðminja sem jörðin Háls stendur á, mun hafa áhrif á ásýnd þess svæðis sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að verði verndað. Skipulagsstofnun telur að með vandaðri verktilhögun og ábyrgu tegundarvali trjátegunda, megi draga úr áhrifum skógræktarinnar svo ólíklegt sé að áhrifin verði umtalsverð neikvæð á verndargildi svæðisins.

Náttúrufræðistofnun Íslands bendir á að ráðgert sé að gróðursetja furu þ.e. stafafuru en ekki er ólíklegt að hún dreifi sér út fyrir stærra svæði með sjálfssáningu. og hafi stafafura alla burði til að vera ágeng tegund sé miðað við aðstæður hérlendis. Möguleiki sé fyrir hendi að skógræktarsvæðið geti verið uppspretta útbreiðslu framandi tegunda sem gæti haft áhrif á gróðurfar út með dalnum. Náttúrufræðistofnun bendir jafnframt á að ekki er gert ráð fyrir vöktun á útbreiðslu framandi tegunda eða mótvægisáðgerðum þeim tengdum. Skipulagsstofnun telur tilefni til að í framkvæmdaleyfi verði kveðið á um vöktun á útbreiðslu erlendra tegunda og mótvægisáðgerðir vegna þeirra.



Náttúrufræðistofnun Íslands telur að skoða þurfi gaumgæfilega allar hugmyndir sem ganga gegn verndun þeirrar landslagsheildar sem hér um ræðir. Að mati stofnunarinnar eigi ekki að leyfa skógrækt á viðkomandi jörðum. Skipulagsstofnun tekur undir með Náttúrufræðistofnun að tilefni sé til að sett sé fram skýr stefna um skógrækt á þeim hluta Öxnadal sem hefur verið til meðferðar varðandi mögulega friðlýsingu.

Gerð og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi eiginleika hugsanlegra áhrifa einkum með tilliti til: umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, samlegðaráhrifa með áhrifum annarra framkvæmda og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Umhverfisáhrif skógræktar fela almennt í sér fjölþætt áhrif. Skógrækt getur haft til jafns jákvæð eða neikvæð áhrif á s.s. landslagsheildir, gróðurfar, búsvæði fugla og annarra dýra, vatnabúskap og jarðveg. Með hliðsjón af umfangi, eðli og staðsetningu er þó ekki líklegt að umfang og styrkur áhrifa verði verulegur. Varðandi möguleg samlegðaráhrif, eru nú þegar þrjú önnur skógræktarsvæði í austan megin við þjóðveginn og í grennd við jörðina Háls í Öxnadal. Gera má ráð fyrir því að áhrifa þeirrar ræktunar samhliða fyrirhugaðrar skógræktunar að Hálsi muni hafa talsverð áhrif á ásýnd svæðisins á komandi árum og áratugum. Skipulagsstofnun telur mögulegt að draga úr áhrifum með því að viðhafa vandaða verktilhögun við hönnun skógræktarsvæðisins og að ábyrgt val á trjátegunum verði viðhaft í samræmi við umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 13. júlí 2020.

Reykjavík, 11. júní 2020

Egill Þórarinnsson

Jón Smári Jónsson